



Alþingi

Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík 5. nóvember 2019

Tilv. 1910236/0.7.3

## **Efni: Umsögn - Þingsályktunartillaga um útgáfu á dómum og skjölum Yfirréttarins á Íslandi í tilefni af aldarafmæli Hæstaréttar - 232. mál**

Vísað er í tölvubréf frá nefndasviði Alþingis dags. 23. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn Þjóðskjalasafns Íslands á þingsályktunartillögu um útgáfu á dómum og skjölum Yfirréttarins á Íslandi í tilefni af aldarafmæli Hæstaréttar. Þjóðskjalasafn vill koma eftirfarandi umsögn á framfæri.

Að mati Þjóðskjalasafns Íslands er útgáfa á dómum og skjölum Yfirréttarins á Íslandi mikilvægt skref í að gera heimildir æðsta dómsstóls í sögu landsins aðgengilegri en nú er, en rétturinn starfaði á árunum 1563-1800. Skjöl Yfirréttarins geyma þó ekki eingöngu heimildir um réttarsögu landsins á tímabilinu heldur einnig mikilvægar heimildir um sögu lands og þegna þar sem dómur Yfirréttarins endurspeglar viðhorf og ástand landsmála um langt árabíl.

Þjóðskjalasafn hefur undanfarin ár lagt áherslu á útgáfu á frumheimildum úr safnkostinum, bæði á prenti og á vef. Stærsta verkefnið síðustu ár hefur verið útgáfa skjala Landsnefndarinnar fyrri sem starfaði á árunum 1770-1771 en nú hafa verið gefin út alls fjögur bindi af sex auk birtingar skjala og uppskrifta þeirra á sérstökum vef, [www.landsnefndin.is](http://www.landsnefndin.is). Útgáfa skjala Landsnefndarinnar fyrri er í samstarfi við Sögufélag. Þetta verkefni er enn í vinnslu og lýkur árið 2021. Fyrirmynd að útgáfu dóma og skjala Yfirréttarins er útgáfa skjala Landsnefndarinnar.

Með útgáfu á dómum og skjölum Yfirréttarins á Íslandi er stefnt að því að gefa út alls tíu bindi en fyrsta bindið kom út árið 2011. Gert er ráð fyrir að síðasta bindið komi út ekki seinna en árið 2030. Samhliða útgáfu á prenti verða gögnin birt á vef til að tryggja betra aðgengi að gögnunum. Með útgáfu á prenti og á vef er komið á móts við bæði þá sem kjósa að eiga vandaða prentgripi og þá sem nota vefefni við heimildaleit og notkun. Eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni eru skjöl Yfirréttarins ekki varðveitt á einum stað og því hefur safnið í heild sinni verið afar óaðgengilegt en úr því verður bætt með prent- og vefútgáfu.

Í Þjóðskjalasafni Íslands er mikil sérfræðipækking fyrir hendi um Yfirréttinn og skjöl hans og því eðlilegt að verkefnið verði unnið að stærstum hluta þar í samstarfi við Sögufélag sem sér um útgáfu. Þegar hefur verið lagður grunnur að næstu þremur bindum verkefnisins og mikil vinna verið lögð í að leita upp heimildir og skrifa upp skjöl til útgáfu.

Þjóðskjalasafn Íslands styður að þingsályktunartillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Hrefna Róbertsdóttir  
Þjóðskjalavörður